

~~frs~~ Forsætisráðherra

3. Ólafur Jóhannesson,  
Reykjavík.

←50 slög

6. Fyrir hönd Rauðsökkahreyfingarinnar leyfum við  
okkur hér með að sækja um afnot af einhverjum þeim  
9. <sup>húsi</sup> húsnum ríkisins í Reykjavík, sem nú standa auð og ónotuð.

12. Rauðsökkahreyfingin er fjárvana samtök áhugafólks  
um jafnréttismál og við höfum áhuga á að reka á heppi-  
legum stað í bænum ek. félags- og kynningarmiðstöð,  
15. sem nýtt mundi á tveggja hátt:

18. 1) Sem fundarstaður fyrir starfshópa hreyfingarinnar,  
aðallega á kvöldin.

21. 2) Sem opið hús, þar sem fólk gæti fengið upplýsingar  
um starfsemi hreyfingarinnar, bækur og blöð  
lægju frammi og te- og kaffisopi væri á boðstólum.

24. Færi þessi starfsemi fram síðdegis vitka daga.  
Það skal tekið fram, að reksturið er á engan hátt  
hugsaður í fjáröflunarskygni, heldur eingöngu til kynningar  
og sem staður, þar sem áhugafólk gæti hist og skipst  
á skoðunum um jafnréttismál.

3. Við vitum að nokkur ~~húsi~~ húsi í almennings-  
eign eru undir yðar vörslu og bendum á, að í rauninni  
6. er heppilegra varðandi verndun húsa, að þau séu notuð  
og þeim haldið við að einhverju leyti. Við höfum í  
9. þessu sambandi sérstakan augastað á húsum Þernhöfts-  
torfunnar, td. því húsi, sem alls ekkert er notað  
12. nú, turnhúsinu á horni Amtmannsstígs og Lækjargötu.  
Við höfum haft tækifæri til að skoða það hús og á-  
15. líftum, að neðsta hæð þess mundi henta okkur. Mundum  
við þá að sjálfsögðu sjá um að setja þar rúður í glugga  
18. og mála ~~xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx~~ viðurverur.

21. Þegar er ákveðin væri önnur notkun húsnæðisins  
~~xxxxxxxx~~ eða kannski flutningur, mundum við rýma það.

24. Í von um <sup>að þér takið þetta til</sup> vinsanlegar viðtökar <sup>adlungunar</sup>  
Virðingarfyllt  
Miðstöð Rauðsokka:

Rauðsokkahreyfingin  
Ásvallagötu 8.

Reykjavík 8. apríl 1974.

Forsætisháðherra  
Ólafur Jóhannesson,  
Reykjavík.

Fyrir hönd Rauðsokkahreyfingarinnar leyfum við okkur hér með að sækja um afnot af einhverju þeirra húsa ríkisins í Reykjavík, sem nú standa auð og ónotuð.

Rauðsokkahreyfingin er fjárvana samtök áhugafólks um jafnréttismál og við höfum áhuga á að reka á heppilegum stað í bænum ek. félags- og kynningarmiðstöð, sem nýtt mundi á tvennan hátt:

- 1) Sem fundarstaður fyrir starfshópa hreyfingarinnar, aðallega á kvöldin.
- 2) Sem opið hús, þar sem fólk gæti fengið upplýsingar um starfsemi hreyfingarinnar, bækur og blöð lægju frammi og te- og kaffisopi væri á boðstólum.

Færi þessi starfsemi fram síðdegis virka daga.

Það skal tekið fram, að reksturinn er á engan hátt hugsaður í fjáröflunarskyni, heldur eingöngu til kynningar og sem staður, þar sem áhugafólk gæti hist og skipst á skoðunum um jafnréttismál.

Við vitum að nokkur auð hús í almenningseign eru í yðar vörslu og bendum á, að í rauninni er heppilegra varðandi verndun húsa, að þau séu notuð og þeim haldið við að einhverju leyti. Við höfum í þessu sambandi sérstakan augastað á húsum Bernhöftstorfunnar, td. því húsi, sem alls ekkert er notað nú, turnhúsinu á horni Amtmannsstígs og Lækjargötu. Við höfum haft tækifæri til að skoða það hús og álitum, að næsta hæð þess mundi henta okkur. Mundum við þá að sjálfsögðu sjá um að setja þar rúður í glugga og mála vistarverur.

Þegar er ákveðin veri önnur notkun húsnæðisins eða kannski flutningur, mundum við rýma það.

Í von um að þér takið þetta til vinsamlegrar athugunar.

Virðingarfyllst,  
Miðstöð Rauðsokka:

*Eiríkur Guðjónsson*  
Eiríkur Guðjónsson

*Erna S. Egilsdóttir*  
Erna S. Egilsdóttir

*Hjördís Bergsdóttir*  
Hjördís Bergsdóttir

*Vilborg Sigu. Sævarðóttir*  
Vilborg Sigu. Sævarðóttir